

Ed.

611. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919. [Bæjarstjórn á Siglufirði].

Frá allsherjarnefnd.

Í háttv. neðri deild hefir verið samþykkt áskorun til stjórnarinnar um að endurskoða löggjöf kaupstaðanna, og í þeim notum stöðvuð þar í deildinni

öll frumvörp um breyting á þeirri löggjöf, nema þetta eina, — þar á meðal frumvarp um smábreytingar á lögnum um bæjarstjórn á Seyðisfirði, sem háttv. efri deild hafði samþykkt. Nú getur nefndin ekki sjð, að ástæða sje til að þetta frumvarp sæti annari meðferð en öll hin, og ræður því háttv. deild til að visa þessu frumvarpi til stjórnarinnar, til athugunar í sambandi við endurskoðunina í heild.

Alþingi, 9. maí 1923.

Jón Magnússon,
form. og frsm.

S. H. Kvaran.

Guðm. Guðfinnsson,
fundaskrifari.